

**Nr. 031 / 15 Flugalda ÓF 15****Leki í vélarúmi**

Skipaskr.nr. 2289  
Smíðaður: Hafnarfirði 1998, plast  
Stærð: 11,4 brl. 13,9 bt.  
Mesta lengd: 11,30 m Skráð lengd: 11,25 m  
Breidd: 3,54 m Dýpt: 1,68 m  
Vél: Cummins 1998, 187 kW  
Fjöldi skipverja: 2



Flugalda ©Gísli Gíslason

**Gögn:**  
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 18. september 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli..*

**Atvikalýsing:**

Þann 18. janúar 2015 var Flugalda á línuveiðum um 15 sml NNA af Siglunesi. Veður: A – SA 3-5 m/s.

Þegar langt var komið á drátt línunnar fór austuraðvörun fyrir vélarúm í gang og í ljós kom að verulegur sjór var í kjalsogi og sýnilegt að lensidælan hafði ekki undan innstreymi. Ekki reyndist hægt að staðsetja lekann og óskaði skipstjóri eftir aðstoð.

Björgunarskipið Sigurvin var sent til Flugöldu og dró hana áleiðis til Siglufjarðar. Dráttartógið slitnaði þegar skammt var komið á leið en þá höfðu skipverjar náð tökum á austursöfnun og gátu siglt undir eigin vélarafli til hafnar.

**Við rannsókn kom fram:**

- að skipið hafði fengið í skrúfuna og mikill titringur kom á skrúfu og vélbúnað;
- að við sundurtekt reyndist skrúfuöxull boginn;
- að 10 cm tæja af neti var í skrúfunni;
- að smíðaður var nýr skrúfuöxull og skipt um öxulþétti. Sett var þétti frá öðrum framleiðanda.

**Nefndarálit:**

Nefndin telur líkur á því að lekan megri rekja til þess að báturinn hafi fengið í skrúfuna og því hafi öxulþétti gefið sig.